



Ferðamálastofa

Endurskoðunarskýrsla fyrir 2017

Janúar 2019



RÍKISENDURSKOÐUN

Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
2	Niðurstöður og ábendingar	4
3	Fjárveitingar og rekstur	5
3.1	Fjárveitingar	5
3.2	Rekstraráætlun.....	5
3.3	Niðurstöður/ábendingar	5
4	Innra eftirlit.....	6
4.1	Inngangur	6
4.2	Umfjöllun	6
4.3	Niðurstöður/ábendingar	6
5	Fylgni við lög og reglur.....	7
5.1	Inngangur	7
5.1.1	Ferðakostnaður og innkaup.....	7
5.1.2	Endurgreiddur virðisaukaskattur	7
5.2	Niðurstöður	7
6	Endurskoðun rekstrarliða	8
6.1	Tekjur	8
6.2	Launagjöld.....	8
6.3	Annar rekstrarkostnaður og tilfærslur	8
6.4	Niðurstöður/ábendingar	8
7	Endurskoðun efnahagsliða	9
7.1	Eignir	9
7.1.1	Breytingar á efnahag 1.1.2017.....	9
7.1.2	Áhöld og búnaður	10
7.1.3	Viðskiptakröfur	10
7.1.4	Tengdir aðilar, ríkisaðilar	11
7.1.5	Aðrar kröfur og fyrirframgreiðslur	11
7.1.6	Handbært fé.....	11
7.1.7	Vörslufé.....	11
7.2	Eigið fé og skuldir	11
7.2.1	Höfuðstóll	11
7.2.2	Tengdir aðilar, ríkisaðilar	11
7.2.3	Viðskiptaskuldir.....	12
7.2.4	Ýmsar skammtímaskuldir.....	12
7.2.5	Frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda	12
7.3	Niðurstöður/ábendingar	12
8	Önnur atriði	13
8.1	Staðfestingarbréf stjórnenda	13
8.2	Óhæðisyfirlýsing.....	13

1 Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings Ferðamálastofu fyrir árið 2017.

Ársreikningurinn, sem gerður er af Fjársýslu ríkisins, er byggður á bókhaldi stofnunarinnar og öðrum upplýsingum frá stjórnendum. Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að stjórnendur stofnunarinnar eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðeigandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ársreikningsins ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum.

Í samræmi við 5. grein laga um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

- ✓ Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.
- ✓ Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðeigandi árangur.
- ✓ Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem það á við.

Nokkur breyting verður á reikningsskilaaðferðum frá þeim sem giltu fyrir árið 2016. Reikningsskil skulu hér eftir alfarið vera á rekstrargrunni. Helstu breytingar, að því er stofnefnahagsreikning og reikningsskil ársins 2017 varðar, eru eignfærsla og afskrift varanlegra rekstrarfjármuna og eign- og skuldfærsla fyrirfram- og eftirágreidds kostnaðar. Skuldbinding vegna orlofs í árslok 2016 var færð til skuldar í stofnefnahagsreikningi, færð á eigið fé. Nánar er gerð grein fyrir þessu í skýrslunni. Fjárveitingum vegna fjárfestinga í varanlegum rekstrarfjármunum er ætlað að mæta kostnaði á síðari tímabilum og eru skuldfærðar sem frestaðar tekjur. Þær færast nú til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna.

Síðasta endurskoðun ársreiknings Ferðamálastofu fór fram árið 2016.

2 Niðurstöður og ábendingar

1. Fjárveitingar og rekstur

Tekjuafgangur varð af rekstri ársins 2017, alls 8,5 m.kr. og kemur hann til lækkunar uppsöfnuðum tekjuhalla fyrri ára. Útgjöld umfram fjárveitingar í árslok 2017 námu 28,4 m.kr.

2. Innra eftirlit

Ekki komu fram athugasemdir við skoðun innra eftirlits Ferðamálastofu.

3. Fylgni við lög og reglur

Ferðamálastofa fylgir lögum og reglum sem almennt gilda um fjárreiður og bókhald ríkisstofnana í A-hluta.

4. Rekstrarliðir

Við endurskoðunina var ábendingum komið á framfæri við stofnunina og vinnur stofnunin að úrbótum.

5. Efnahagsliðir

Stofnuninni var bent á að taka eldri viðskiptakröfur og viðskiptaskuldir til sérstakrar athugunar og er hér um að ræða sams konar ábendingar og komu fram við endurskoðun árána 2013 og 2016.

3 Fjárveitingar og rekstur

3.1 Fjárveitingar

Fjárveitingar, samkvæmt orðskýringum í 5. tl. 3. gr. laga nr. 123/2015 um opinber fjármál (LOF), eru ráðstöfun fjárheimildar á tilteknu fjárlagaári til ríkisaðila, verkefna eða varasjóðs. Fjárheimild er heimild Alþingis, sem veitt er í fjárlögum og fjárukalögum, til ráðstöfunar á opinberu fé til málefnasviða og málaflokka.

Fjárveitingar ársins 2017 námu samtals 356,1 m.kr. Til lækkunar kom breyting vegna fjárfestingarframlags 1,8 m.kr. Endanleg fjárveiting ársins nam því 354,3 m.kr. Rekstrargjöld að frádregnum tekjum námu samtals 345,8 m.kr. og voru því 8,5 m.kr. lægri en fjárveitingar gerðu ráð fyrir.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjárveitingum og rekstri á árinu 2017 og rekstri ársins 2016:

Í þús. kr.	Fjárveiting 2017	Rekstur 2017	Frávik 2017	Rekstur 2016
Frestaðar tekjur	0	-2.272	2.272	0
Sértekjur	-17.700	-158.958	141.258	-17.976
Launagjöld	121.000	188.405	-67.405	156.857
Önnur gjöld	112.727	114.598	-1.871	136.124
Tilfærslur	138.300	201.786	-63.486	200.644
Afskriftir og niðurfærsla	0	2.272	-2.272	0
Samtals	354.327	345.831	8.496	467.183

Mest munar um hækkun sértekna milli ára vegna styrkja frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti vegna öflunar tölfraðilegra upplýsinga og stefnumótandi stjórnunar-áætlana.

Á árinu voru gerðar grundvallarbreytingar á meðferð varanlegra rekstrarfjármuna og eignakaupa. Í stað þess að gjaldfæra keyptar eignir á kaupári eru þær nú eignfærðar og afskriftir gjaldfærðar. Tekjufærsla vegna frestaðra tekna var jöfn afskriftum. Auk þess var uppfærð orlofsskuldbinding á árinu 2017 en hún hafði ekki verið færð áður.

3.2 Rekstraráætlun

Unnin var rekstraráætlun sem samþykkt var af fjármálaráðuneyti og færð í fjárhagskerfi ríkisins, Orra.

Tekjuafgangur nam 8,5 m.kr. en rekstraráætlun hafði gert ráð fyrir 11,9 m.kr. Frávik frá rekstraráætlun stafaði einkum af tekjum vegna styrkja frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og útgjöldum vegna tilfærslna sem ekki var gert ráð fyrir í rekstraráætlun.

3.3 Niðurstöður/ábendingar

Ekki komu fram athugasemdir við skoðun fjárveitinga stofnunarinnar.

4 Innra eftirlit

4.1 Inngangur

Ferðamálastjóri ber ábyrgð á skipulagi og framkvæmd innra eftirlits. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur.

4.2 Umfjöllun

Fjárskýsla ríkisins sér um færslu bókhalds og greiðslu gjalda fyrir stofnunina og gerð ársreiknings. Útreikningur og greiðsla launa fer fram í launakerfi ríkisins. Hjá Ferðamálastofu er innra eftirlit aðallega fólgið í að rekstrarstjóri eða ferðamálastjóri sjá um samþykkt reikninga fyrir greiðslu en Fjárskýsla ríkisins sér um greiðslu reikninganna og færslu bókhalds. Þá eru fyrirliggjandi skriflegar verklagsreglur fyrir flesta verkferla hjá Ferðamálastofu.

Innra eftirlit með samþykkt reikninga er virkt. Til staðar er skipurit hjá stofnuninni. Ákveðnir eftirlitsþættir voru prófaðir við endurskoðun ársins og var athugunin án athugasemda.

4.3 Niðurstöður/ábendingar

Ekki komu fram athugasemdir við skoðun innra eftirlits hjá Ferðamálastofu.

5 Fylgni við lög og reglur

5.1 Inngangur

Við fjárhagsendurskoðun ber að kanna hvort rekstur stofnunarinnar hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annara laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á. Fjallað er sérstaklega um fjárveitingar og rekstraráætlun í kafla 3.

Skoðað var hvort rekstur stofnunarinnar hafi verið í samræmi við lög og reglugerðir sem um hana gilda varðandi fjárreiður og bókhald. Eftirfarandi liðir voru teknir til skoðunar vegna ársins 2017:

5.1.1 Ferðakostnaður og innkaup

Í meginatriðum fylgir stofnunin reglum ríkisins um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins. Skil ferðareikninga hafa þó í mörgum tilvikum dregist langt fram úr 30 daga tímamörkum frá lokum ferða. Verklagsreglum um innkaup fyrir stofnunina er fylgt og reglum ríkisins um notkun rammasamninga Ríkiskaupa er fylgt þar sem því verður við komið.

5.1.2 Endurgreiddur virðisaukaskattur

Fylgt er reglum ríkisins um endurgreiddan virðisaukaskatt og sér Fjársýsla ríkisins um framkvæmdina.

5.2 Niðurstöður

Ferðamálstofa fylgir almennt lögum og reglum sem gilda um fjárreiður og bókhald hjá ríkisstofnunum. Nokkuð er þó um að dregist hafi að gera upp eldri ferðareikninga.

6 Endurskoðun rekstrarliða

6.1 Tekjur

Tekjur stofnunarinnar voru skoðaðar og greindar með tilliti til breytinga milli ára og leitað skýringa þar sem þess þótti þörf. Á árinu 2017 námu tekjur stofnunarinnar 159,0 m.kr. og hækkuðu um 141,0 m.kr. milli ára. Mest munar um 125,0 m.kr. framlag frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti vegna samnings um framkvæmd stefnumótandi áætlana og öflunar tölfraðilegra upplýsinga um ferðamenn. Þá naut stofnunin ekki lengur tekna vegna innheimtu leyfa til rekstrar ferðaskrifstofa eins og undanfarin ár en þær tekjur runnu nú í ríkissjóð. Auk framangreindra tekna var í fyrsta sinn getið um tekjufærslu vegna frestaðra tekna fyrri ára og námu þær 2,3 m.kr.

Útgefnir reikningar ársins 2017 voru stofnaðir í Netbókhaldi. Frá og með janúar 2018 verða þeir stofnaðir í Oracle kerfi ríkisins og flyst þá innheimtan í það kerfi. Athugun á tekjuskráningarkerfi var án athugasemda.

6.2 Launagjöld

Launagjöld og starfsmannakostnaður nam 188,4 m.kr. á árinu og hækkaði um 31,5 m.kr. milli ára eða 20,0%. Launakostnaður var borinn saman á milli ára og frávik greind. Ársverk árið 2017 voru 16,9 sem er fjölgun um 1,5 ársverk frá árinu áður eða 9,7%. Orlofsskuldbinding að fjárhæð 3,9 m.kr. var nú færð í fyrsta sinn vegna breytinga á reikningsskilum ríkisins. Hlutfall launakostnaðar af heildargjöldum var 37,1% árið 2017. Við endurskoðunina var ákveðið úrtak launa skoðað og var endurskoðunin án athugasemda.

6.3 Annar rekstrarkostnaður og tilfærslur

Rekstrargjöld voru borin saman á milli ára og helstu frávik yfirfarin. Samhliða greiningu rekstrarkostnaðar voru fylgiskjöl skoðuð og leitað skýringa. Önnur rekstrargjöld árið 2017 námu 318,7 m.kr. og lækkuðu um 18,6 m.kr. frá fyrra ári en meginhluta lækkunarinnar má rekja til þess að dregið hefur úr aðkeyptri sérfræðipjónustu vegna ferðamála. Afskriftir að fjárhæð 2,3 m.kr. voru nú færðar í fyrsta sinn í reikningsskil stofnunarinnar.

Tekið var úrtak fylgiskjala til skoðunar. Fylgiskjölin voru meðal annars skoðuð með tilliti til formkrafna, efnis- og magnlýsinga, útreikninga og lotunar. Þá var kannað hvort reikningar væru efnislega réttir og hvort samþykki og önnur afgreiðsla þeirra væri í samræmi við verklagsreglur um meðferð reikninga. Við endurskoðunina var leitað skýringa þar sem þessi þótti þörf og var ábendingum komið á framfæri við stofnunina. Ábendingarnar voru m.a. vegna þess að sams konar kostnaður var bókfærður á mismunandi kostnaðartegundir bókhaldsins og kostnaður færðist milli ára. Þá hafði láðst að gera upp eldri ferðareikninga. Stofnuninni hefur ítrekað verið bent á að ekki hafi verið brugðist nægjanlega vel við fyrri ábendingum um aldur viðskiptakrafna og viðskiptaskulda. Samkvæmt upplýsingum frá stofnuninni er stefnt að því að ljúka úrbótum fyrir árslok 2018.

6.4 Niðurstöður/ábendingar

Ýmsum ábendingum var komið á framfæri við stofnunina og stefnir hún á að ljúka úrbótum fyrir árslok 2018.

7 Endurskoðun efnahagsliða

Efnahagsliðir voru endurskoðaðir með tilliti til starfsemi stofnunarinnar, breytinga á milli ára og stöðu einstakra liða eigna og skulda. Meðfylgjandi er samanburður á efnahag í árslok 2016 og 2017 og ásamt stofnefnahagsreikningi, sem gerður var þann 1. janúar 2017 vegna breytinga á reikningsskilareglum.

Í árslok 2017 námu eignir 196,2 m.kr., skuldir námu 224,6 m.kr. og höfuðstóll var neikvæður um 28,4 m.kr.

Í þús.kr.	2017	1.1.2017	2016
Eignir:	31.12	Stofnefnahags- reikningur	31.12
Áhöld og búnaður	9.805	10.304	0
Eignahlutir í öðrum félögum	541	541	541
Viðskiptakröfur	49.923	83.294	94.276
Tengdir aðilar	119.678	4.143	0
Aðrar kröfur og fyrirframgreiðslur	5.244	6.839	0
Vörslufé	0	0	85.621
Handbært fé	11.005	27.342	27.343
Eignir alls	196.196	132.463	207.781
Eigið fé og skuldir:			
Höfuðstóll	-28.398	-56.572	-36.895
Ríkissjóður	0	0	29.572
Tengdir aðilar	136.431	54.384	0
Viðskiptaskuldir	53.336	37.478	129.483
Ýmsar skammtímaskuldir	25.022	86.870	0
Vörslufé	0	0	85.621
Frestaðar tekjur	9.805	10.304	0
Eigið fé og skuldir alls	196.196	132.464	207.781

7.1 Eignir

7.1.1 Breytingar á efnahag 1.1.2017

Sú breyting varð á reikningsskilum þann 1. janúar 2017 vegna nýrra laga um opinber fjármál að eignfæra skal varanlega rekstrarfjármuni og uppfæra orlofsskuldbindingar. Í framhaldi af því var gerður nýr stofnefnahagsreikningur.

1. Eignfærðar voru 10,3 m.kr. vegna tækja og búnaðar en sama fjárhæð var einnig færð til skuldar sem frestaðar tekjur.
2. Skuldfærð var 19,7 m.kr. orlofsskuldbinding og var hún jafnframt færð til til lækkunar á eigið fé.

3. Viðskiptareikningar voru flokkaðir á annan hátt en áður og urðu þá til nýjar tegundir viðskiptamanna, svo sem tengdir aðilar og frestaðar tekjur.
4. Vörslufjárreikninga var ekki getið í stofnefnahagsreikningi.

Fjársýsla ríkisins sá um uppfærslu eigna og skulda og byggði það á fyrirliggjandi eignaskrá og upplýsingum úr launakerfi ríkisins. Ríkisendurskoðun hefur ekki staðfest tilvist eigna samkvæmt yfirliti en ferðamálastjóri hefur samþykkt tilvist þeirra með samþykkt ársreiknings stofnunarinnar fyrir árið 2017.

7.1.2 Áhöld og búnaður

Eignfærsla varanlegra rekstrarfjármuna er gerð frá og með árinu 2017 ásamt öðrum breytingum í kjölfar setningar laga um opinber fjármál. Yfirlit yfir áhöld og annan búnað var unnið hjá Fjársýslu ríkisins samkvæmt upplýsingum í eignakerfi fjárhagsbókhaldsins.

Árið 2017 var keyptur nýr búnaður fyrir 1,8 m.kr. sem kemur til hækkunar á eignum en afskriftir til lækkunar námu 2,3 m.kr. Áhöld og búnaður námu samtals 9,8 m.kr. í árslok 2017.

7.1.3 Viðskiptakröfur

Verulegar breytingar urðu á árinu 2017 á samsetningu viðskiptakrafna. Á árinu 2017 voru viðskiptareikningar flokkaðir sem almennar viðskiptakröfur, viðskiptareikningar tengdra aðila og aðrar kröfur vegna fyrirframgreiðslna en viðskiptakröfur voru áður flokkaðar á annan hátt sem gerir þá ekki samanburðarhæfa.

Viðskiptakröfur í árslok 2017 námu alls 49,9 m.kr. Undanfarin ár hafa viðskiptakröfur verið viðverandi vandamál hjá stofnuninni. Við endurskoðun á árinu 2013 kom m.a. fram að:

„Stofnuninni hefur margsinnis verið bent á að yfirfara viðskiptakröfur en hún hefur ekki brugðist við ítrekuðum ábendingum með afgerandi hætti. Óviðunandi er að stjórnendur sinni ekki ábendingu Ríkisendurskoðunar en þeir bera ábyrgð á varðveislu eigna og að raunverulegt verðmæti sé að baki bókfærðum eignum. Í minnisblaði frá Fjársýslu ríkisins segir um viðskiptareikninga þessa þann 11.3.2014: Nýr maður mun taka við þessu verkefni (04-551) og mun það verða eitt af hans fyrstu verkum að ganga í að skýra gamlar stöður á viðskiptareikningum.“

Við endurskoðun á viðskiptakröfum í árslok 2016 var ábendingin ítrekuð en þá var í mörgum tilvikum enn um að ræða sömu kröfur og áður.

Í minnisblaði til Ríkisendurskoðunar frá Ferðamálastofu, dags. 4. september 2017, kom fram að þeim sé kunnugt um eldri stöður í bókhaldinu. Margar hverjar séu órekjanlegar vegna þess hversu gamlar þær eru og stofnunin hafi skipt um fjárlaganúmer, jafnvel í sumum tilfellum tvisvar, eftir að stöðurnar mynduðust. Sum tilfelli má líklega rekja til misfærslna í bókhaldi á árum áður, sérstaklega áður en bókhald var fært hjá Fjársýslu ríkisins. Unnið hafi verið í að fara yfir stöðurnar, þær leiðréttar sem hægt hafi verið að rekja, og þær stöður sem séu óinnheimtanlegar og fullreynt að innheimta hafi verið afskrifaðar. Starfsfólk Fjársýslunnar hafi aðstoðað Ferðamálastofu að vinna úr stöðunum og mun sú vinna halda áfram og stefnt er að því að þeirri vinnu ljúki á árinu 2017.

Nú liggur fyrir að enn er talsvert um mjög gamla viðskiptareikninga sem Ferðamálastofa þarf að taka afstöðu til. Ábendingar til Ferðamálastofu hafa því verið ítrekaðar á árinu 2018 og stefnir stofnunin að því að ljúka úrbótum fyrir árslok 2018.

7.1.4 Tengdir aðilar, ríkisaðilar

Í árslok 2017 var um að ræða kröfu að fjárhæð 119,7 m.kr. Þar af voru 100,0 m.kr. vegna styrkja frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti sem veittir voru í desember 2017 og 19,7 m.kr. vegna leiðréttingar á orlofsskuldbindingu. Í skýringu 17 með ársreikningnum kemur fram að Alþingi hafi ekki samþykkt framlag vegna orlofsskuldbindingarinnar en hún er færð á grundvelli yfirlýsingar fjármála- og efnahagsráðuneytis.

7.1.5 Aðrar kröfur og fyrirframgreiðslur

Kröfur þessar námu 5,2 m.kr. í árslok 2017. Um er að ræða kröfur sem flestar eru vegna óuppgerðra ferðareikninga starfsmanna. Við endurskoðun ársins 2017 var stofnuninni ítrekað bent á að taka viðskiptareikningana vegna ferðakostnaðar starfsmanna til athugunar en óuppgerður ferðakostnaður er í sumum tilvikum margra ára gamall.

7.1.6 Handbært fé

Handbært fé nam 11,0 m.kr. í lok árs 2017. Við endurskoðunina var í samráði við stofnunina leitað staðfestinga á bankainnstæðum hjá viðskiptabönkum. Í framhaldinu beindi Ríkisendurskoðun ákveðnum ábendingum til Ferðamálastofu um leiðréttingar á banka-reikningum stofnunarinnar. Tveggja bankareikninga, samtals að fjárhæð 2,3 m.kr., var bæði getið meðal handbærs fjár og vörslufjár en þeirra átti einungis að geta meðal vörslufjár. Ferðamálastofa vinnur að leiðréttingum og má að þeirra sögn búast við að gengið verði frá þeim fyrir árslok 2018.

7.1.7 Vörslufé

Ferðamálastofa varðveitir vörslufé í formi bankainnistæðna vegna ábyrgða ferðapjónustuaðila. Í árslok 2017 nam vörslufé 107,6 m.kr. og var þess getið meðal eigna og skulda í bókhaldi Ferðamálastofu. Bent hefur verið á að tveggja bankareikninga var bæði getið meðal vörslufjárreikninga og handbærs fjár. Þá er bent á að þrátt fyrir að vörslufjár sé getið meðal eigna og skulda í bókhaldi er þess ekki getið í efnahagsreikningi stofnunarinnar.

7.2 Eigið fé og skuldir

7.2.1 Höfuðstóll

Skilgreining á framlagi ríkissjóðs og færsluaðferð leiðir það af sér að höfuðstóll Ferðamálastofu sýnir uppsafnaðan tekjuafgang gagnvart fjárveitingum. Í árslok 2016 var höfuðstóll neikvæður um 36,9 m.kr. Að teknu tilliti til tekjuafgangs að fjárhæð 8,5 m.kr. var eigið fé neikvætt um 28,4 m.kr. í árslok 2017.

7.2.2 Tengdir aðilar, ríkisaðilar

Í árslok 2017 var um að ræða skuld að fjárhæð 136,4 m.kr. Meiri hluti skuldanna eða 132,6 m.kr. var vegna viðskiptareiknings við ríkissjóð og hækkaði skuldin um 103,0 m.kr. á árinu. Aðrar skuldir tengdra aðila voru við aðra ríkisaðila í A hluta og námu þær 3,8 m.kr. Við endurskoðun var stofnuninni bent á að taka skuldir við aðra ríkisaðila í A-hluta til athugunar vegna aldurs þeirra.

7.2.3 Viðskiptaskuldir

Skammtímaskuldir námu í árslok samtals 53,3 m.kr. Þar af námu ógreidd gjöld 7,9 m.kr. en aðrar viðskiptaskuldir námu 45,4 m.kr., einkum vegna ógreiddra styrkja og eldri viðskiptareikninga. Við endurskoðun var ábendingum um aldur viðskiptaskulda komið á framfæri við stofnunina en í sumum tilvikum var um að ræða sömu ábendingar og komu fram við endurskoðun ársins á undan. Samkvæmt upplýsingum frá stofnuninni er stefnt að því að ljúka leiðréttingum á viðskiptaskuldum fyrir árslok 2018.

7.2.4 Ýmsar skammtímaskuldir

Ýmsar skammtímaskuldir námu 25,0 m.kr. í árslok 2017. Um að ræða orlofsskuldbindingu vegna starfsmanna alls 23,6 m.kr., ógreidd laun vegna launaleiðréttinga alls 0,9 m.kr. og 0,5 m.kr. vegna óuppgerðra ferðalaga starfsmanna.

Frá og með árinu 2017 er orlofsskuldbinding gjaldfærð í rekstrarreikningum stofnana í A-hluta til samræmis við LOF. Á móti kemur skuldfærsla í efnahagsreikningi. Staðan var 23,6 m.kr. í árslok 2017. Ógreidd laun í árslok 2017 stafa eingöngu af leiðréttingu sem gerð var vegna afturvirkra ákvæða í kjarasamningum sem gerðir voru á árinu 2018. Um var að ræða leiðréttingu á launum ársins 2017 sem greidd var út 1. mars 2018.

Við endurskoðunina var stofnuninni bent á að taka til athugunar skuldir vegna ferðareikninga og gerir hún ráð fyrir að ljúka við yfirferð ferðareikninga fyrir árslok 2018.

7.2.5 Frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda

Fyrirframgreiddar tekjur eða frestun tekjufærslu vegna fjárveitingar til fjárfestinga er nýr skuldaliður í framhaldi af þeirri breytingu samkvæmt LOF að eignfæra fjárfestingar og gjaldfæra afskriftir af búnaði. Fram til ársins 2017 voru kaup á eignum svo sem húsbúnaði, tækjabúnaði, tölvum og stærri eignum svo sem bifreiðum og fasteignum gjaldfærðar hjá stofnunum í A-hluta á kaupári og fjárveiting til kaupanna tekjufærð á sama ári.

Frá og með 2017 eru slík kaup eignfærð og reiknaðar árlegar afskriftir af eignum. Þær fjárveitingar sem eru til kaupanna eru því færðar til skuldar í efnahagsreikning að frádregnum þeim fjárveitingum sem eru færðar í rekstrarreikning á móti afskriftum.

Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda nam 9,8 m.kr. í árslok 2017 samanborið við 10,3 m.kr. í stofnefnahagsreikningi 1. janúar 2017 sem er lækkun um 0,5 m.kr. Fjárfesting hjá Ferðamálastofu í tækjum, búnaði, áhöldum og óefnislegum eignum nam 1,8 m.kr. en afskriftir ársins að fjárhæð 2,3 m.kr. koma til lækkunar.

7.3 Niðurstöður/ábendingar

Stofnuninni hefur verið bent á að leiðrétta þurfi bankareikninga en tveggja bankareikninga er bæði getið meðal handbærs fjár og vörslureikninga. Þá þarf að taka eldri viðskiptakröfur og viðskiptaskuldir til sérstakrar athugunar. Ferðamálastofa reiknar með því að ljúka leiðréttingum á efnahagsreikningi fyrir árslok 2018.

8 Önnur atriði

8.1 Staðfestingarbréf stjórnenda

Fyrir liggur staðfestingarbréf stjórnenda vegna ársreiknings Ferðamálastofu 2017. Ekki komu fram neinar upplýsingar í staðfestingarbréfinu sem breyta ársreikningi stofnunarinnar.

8.2 Óhæðisyfirlýsing

Fyrir liggur yfirlýsing um óhæði starfsmanna Ríkisendurskoðunar sem komu að endurskoðuninni.



Ríkisendurskoðun
Bríetartúni 7 – 105 Reykjavík
Sími 569-7100

postur@rikisendurskodun.is – www.rikisendurskodun.is